

3. Stefndi, Sveinafélag múrara í Reykjavík, greiði stefnanda, Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. Jóns Gíslasonar, kr. 1200.00 og kr. 250.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 18. júní 1940.

Nr. 20/1939. Vinnuveitendafélag Íslands f. h. Hjálmars Jóhannssonar
gegn
Sveinafélagi múrara.

Ágreiningur út af því, hvort stofnast hafi vinnusamningur milli málsaðilja. Múrarameistari ekki talinn hafa skuldbundið sig til þess að vinna ekki. Stéttarfélag sýknað af kröfu um skaðabætur, með því að ekki var talið sannað að ólöglegri hindrun, sem félagið hafði beitt gagnvart öðrum múrarameisturum, hefði verið beitt gagnvart stefnanda.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, dags. 15. sept. f. á., af Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. Hjálmars Jóhannssonar, múrarameistara hér í bæ, gegn Sveinafélagi múrara hér í bæ.

Málavextir eru þessir:

Hinn 30. júní ... (Sjá dóm í málinu nr. 26/1939 bls. 53.)

... Hjálmar Jóhannsson 18. júlí ... sveinafélaginu.

Í máli þessu gerir stefnandi eftirfarandi dómkröfur:

1.—3. (Sjá dóm í málinu nr. 26/1939 bls. 54.)

Þá krefst hann málskostnaðar eftir mati dómsins.

Í stefnu gerði hann þá kröfu, að stefndi yrði dæmdur í sekt fyrir sanningsrof, en við munnlegan flutning málsins féll hann frá þeirri kröfu með skírskotun til þess, að samskonar kröfu hefði verið hrundið með dómi þessa réttar í málinu nr. 26/1939.

Stefndi hefir krafizt sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda eftir mati dómsins.

Koma þá til athugunar kröfur stefnanda.

Um 1. (Sjá dóm í málinu nr. 26/1939 bls. 55.)

Um 2. (Sjá dóm í málinu nr. 26/1939.)

Um 3. Skaðabótakröfu sína byggir stefnandi á því, að sveinarnir hafi lagt niður hjá sér vinnu eða hótað að leggja niður vinnu, ef hann ynni sjálfur. Telur hann, að samkvæmt samningi sínum við sveinafélagið hafi sveinunum verið þetta óheimill, og hafi þessi afstaða þeirra valdið sér tjóni. Hafi stjórn sveinafélagsins átt þann þátt í þessum aðgerðum sveinanna, að félaginu beri að bæta honum það tjón, sem hann varð fyrir af þessum sökum. Stefndi hefir eindregið mótmælt því, að hann hafi á nokkur hátt orðið bótaskyldur gagnart stefnanda fyrir afskipti sín af framangreindum málum.

Þegar stefnandi þessa máls gerði framangreindan samning við stefnda, hafði hann, sem múrarameistari, eftirlit og umsjón með múrvinnu allri við húsið nr. 17 við Baugsveg hér í bæ. Kveðst hann hafa ætlað að vinna fulla vinnu við húsið auk eftirlitsins, en hafi orðið að hætta við það áform sitt sökum þess, að sveinar þeir, er hjá honum unnu, hafi skýrt sér frá því, að þeir myndu leggja niður vinnu hjá honum, ef hann færi að vinna sjálfur. Skömmu síðar kveðst hann hafa fengið umsjón og eftirlit með múrvinnu við byggingu hússins nr. 13 A við Garðastræti, og kveðst hann hafa getað unnið þar meðan sveinar hans unnu við hitt húsið, en ekki eftir að þeir hófu vinnu í því síðarnefnda.

Við vitnaleiðslur í máli þessu mættu tveir af sveinum þeim, er unnu hjá stefnanda s. l. sumar. Neituðu þeir báðir að hafa lagt niður vinnu hjá stefnanda eða að hafa hótað að leggja niður vinnu hjá honum, ef hann ynni sjálfur, og hefir það gagnstæða ekki verið sannað gegn þessari neitun þeirra. Og ekki verður talið, að fram séu komnar í málinu nægar sannanir þess, að stefnandi þessa máls hafi á annan hátt verið hindraður frá vinnu af meðlimum sveinafélagsins eða forráðamönnum þess. Því þótt upplýst hafi verið í máli þessu, að aðrir múrarameistarar hafi um þessar mundir, og áður, á óréttmætan hátt, verið hindraðir frá vinnu, að tilhlutun forráðamanna sveinafélagsins, þá getur stefnandi þessa máls ekki borið það *eitt* fyrir sig sem skaðabótgrundvöll gagnvart stefnda, þar sem ekki hafa verið færðar sönnur á, að slíkum aðgerðum hafi verið beitt gagnvart honum sérstaklega. Hann hafði gert sérstakan samning við sveinafélagið,

þótt sá samningur væri að vísu að öllu leyti samhljóða samningum þeim, er hinir múrarameistararnir gerði við sveinafélagið, enda virðast sumir meistaranna hafa komið hjá því að verða hindraðir frá vinnu. Verður því að sýkna stefnda af skaðabótakröfu stefnanda.

Rétt þykir að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, er ákveðst kr. 150.00.

Því dæmist rétt vera:

1. Framangreindur samningur milli aðilja máls þessa, dags. 18. júlí 1939, fullnægir skilyrðum 6. gr. laga nr. 80/1938, um vinnusamninga, og gilda um hann ákvæði nefndrar greinar.
2. Stefnanda, Hjálmar Jóhannssyni, er heimilt að vinna sjálfum við verk þau, er falla undir 1. lið framangreinds samnings.
3. Stefndi á að vera sýkn af skaðabótakröfu stefnanda í máli þessu.
4. Stefndi, Sveinafélag múrara, greiði stefnanda, Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. Hjálmars Jónssonar, kr. 150.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 20. júní 1940.

Nr. 5/1940. **Vinnuveitendafélag Íslands f. h. Hjalta Einarssonar**

gegn

Málarameistarafélagi Reykjavíkur.

Málarameistarafélag ekki talið stéttarfélag í merkingu laga nr. 80/1938 og kröfu málarameistara um að félagið verði dæmt til þess að veita honum félagsréttindi, vísað frá dómi.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, dags. 4. þ. m., af Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. Hjalta Einarssonar, málarameistara hér í bæ, gegn Málarameistarafélagi Reykjavíkur.